



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Umhverfisstofnun
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2008

Tilvísun: UST20071200053/klá

Umsögn um þingsályktunartillögu um friðlandið í Þjórsárverum


Umhverfisstofnun hefur borist beiðni yðar um umsögn um þingsályktunartillögu um friðlandið í Þjórsárverum og verndun Þjórsá, 48. mál. Í þingsályktuninni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að sjá til þess að fallið verði frá áformum um Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum og frekari virkjunum í Þjórsá en orðið er. Jafnframt verði tryggð verndun Þjórsárvera í heild sinni með stækkun friðlandsins þannig að það nái til náttúrulegra marka veranna ásamt með Þjórsá og nærliggjandi svæðum að Sultartangalóni jafnframt að stækkað Þjórsárverafriðland verði sem fyrst tilnefnt á heimsminjaskrá UNESCO.

Umhverfisstofnun vísar í tillögu stofnunarinnar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum sem lögð var fram á bls. 238-239 í *Náttúruverndaráætlun 2004-2008, Aðferðafræði, Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*. Þar er lagt til að friðlandið verði stækkað verulega, sjá fylgiskjal, svo það nái yfir mest allt gróðurlendi sem telja má innan Þjórsárvera og Þjórsá að Sultartangalóni. Jafnframt mun stækkunin afmarka mun betur landslagsheild sem nær til hluta Hofsjökuls, Þjórsárvera og Þjórsár. Umhverfisstofnun telur að náttúruverndargildi framangreinds landssvæðis sé ótvírætt og því beri að vinna að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og tryggja varanlega vernd veranna. Í kjölfar stækkunar friðlandsins verði síðan skoðaðir möguleikar á að tilnefna svæðið á heimsminjaskrá UNESCO.

Hvað varðar afstöðu Umhverfisstofnunar varðandi að fallið verði frá áformum um Norðlingaölduveitu vill stofnunin taka fram að hún leggst gegn virkjunum sem geta haft neikvæð áhrif á Þjórsárver en vísar að öðru leyti til fyrri umsagna stofnunarinnar um málið.

Virðingarfyllst


Elly K. Guðmundsdóttir
Forstjóri


Kristín Linda Árnadóttir
Sviðsstjóri